

Fundargerð 158. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 18. nóvember 2021 kl. 11:00 á skrifstofu VM Stórhöfða 29 og í gegnum fjarfundarbúnað.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Samúel Ingvason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Jóhann Erlingsson og Andrés Bjarnason

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson og Svanur Gunnsteinsson

Fjarverandi: Agnar Ólason

Dagskrá :

- Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 157.** Fundargerðin samþykkt og undirrituð.
- Skýrsla formanns.** Eins og fram kom á síðasta stjórnarfundum fór ég beint á aðalfund IÐUNNAR eftir fundinn. Eins kom líka fram síðast að ég hefði ákveðið að víkja úr stjórn IÐUNNAR og láta starfsmann VM taka sætið mitt en hann situr líka í sviðstjórn. Þetta er gert til þess að fá betra flæði á milli málm sviðsins og stjórnar. Við tókum svo báðir þátt í stefnumótunavinnu IÐUNNAR sem fór fram á Selfossi dagana 4. og 5. nóvember. Fundur NMF var haldinn á Íslandi 1. og 2. nóvember sl.. Okkur fannst hann takast vel. Fundað var á Grand Hótel. Seinnipart mánudagsins var farin skoðunarferð í Bláa Lónið og þar svo snæddur kvöldverður. Á þriðjudeginum lauk fundi um hádegi og þá var farið í skoðunarferð um Hellisheiðavirkjun. Sjómannasamband Íslands hélt þing þann 4.nóv sl. og var ég fenginn til að ávarpa þingið. Aðalfundur Fiskifélags Íslands var 16. nóv. sl . þetta er samkoma þar sem allir sem koma að fiskveiðum koma saman. Þetta var hefðbundinn aðalfundur og var stjórn félagsins endurkjörin. Síðan var erindi frá SFS um veiðar og Covid og þann mikla árangur sem náðist þar. Svo voru þessir hefðbundnu ASÍ fundir. Fundir í miðstjórn eru tvisvar í mánuði. Seinni fundurinn var í gær og þar var rædd umsögn Seðlabankastjóra um hagvaxtarauka pr. mann. Svo má nefna fundi í Efnahags og skattanefnd og Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd. Stefnt er að því að boða formannafund þar sem á að rökræða um lífeyrismál. Sameiginlegur fundur með vélum og skipum „Orkuskipti í sjávarútvegi“ var í gær og gekk vel. Fundinum var streymt og hann var líka tekinn upp. Verið er að vinna upptökuna svo hægt verði að deila henni.
- Kjaramál.** Einn fundur búinn að vera hjá Sáttasemjara síðan við funduðum síðas. Formaður mætti fyrir VM og fulltrúi Sjómannafélags Íslands. Þetta var spjall með smá þreyfingum. Fundað var með SFS um stærðarkúrfur í útreikningum verðlagsstofu. Á fundinum voru auk formanns, fulltrúar

frá SÍ, SFS og Vísi.

Samningurinn við Kerfóðrun er í vinnslu og þá fyrst og fremst vinnutímastyttingin.

Varðandi vinnutímastyttingar þá erum við að vinna víða, má t.d. nefna Hamar og Frost.

Fundur var með Brim þar sem rætt var um inniveru, vigt og lán á afla.

Þrír fundir búnir að vera með ÍSAL, helstu mál eru margföldunarstuðull vegna frítöku, lágmarkskjör á svæðinu og afnám baðtíma. Formenn félaganna funduðu með trúnaðarráðinu og lögmanni.

4. Samvinna á Stórhöfða.

Farið yfir tölvupósta frá frá tveimur varamönnum í stjórn.

Annar hefur verið að gera athugasemdir við meðal annars tölvupósta sem félagið hefur sent og hann ekki fengið. Hann segist vita um fleiri sem hafa ekki fengið póstana. Búið er að rannsaka hvað veldur þessu, póstarnir fara klárlega frá okkur og inn í næsta server sem þýðir að viðkomandi þarf að skoða þetta með sínu fjarskiptafyrirtæki. Í öðrum pósti er fjallar um ráðningu framkvæmdarstjóra 2F, hvort ekki hafi átt að bera þetta undir aðalfund. Formaður spurði stjórnarmenn hvort hann sé eitthvað að misskilja hvort stjórnin sjái ekki um rekstur félagsins og það þurfi ekki að bera allt undir aðalfund. Í lögum VM stendur að félaginu sé heimilt að ráða framkvæmdarstjóra en VM er ekki að ráða framkvæmdarstjóra heldur 2F. Óskað var eftir að lögmaður félagsins yrði fenginn til að fara yfir og staðfesta að stjórnin hafi fulla heimild til að samþykkja svona mál.

Formaður sýndi skipurit 2F og fór yfir það. Búið var að samþykkja að fara í sameiginlega móttöku og vonandi hægt að byrja þar 1. des.

Orlofshúsin á eftir að teikna betur upp hvernig við getum samnýtt og unnið saman. Þeir sem vinna við orlofshúsin og formenn félaganna eru vissir um að þetta muni bæta nýtingu húsanna. Spurt er hvort eitthvað þurfti að breyta lögnum þ.e. hvort einhvers staðar stendur að það megi bara leigja félagsmönnum.

Kjaramálin, þar eru menn að vinna að sömu málum og hægt að samnýta kraftana. Þessir menn þegar farnir að vinna saman. Það er að koma lögfræðingur inn í 2F sem verður þá með þeim í kjaramálum. Lögmaður okkar mun áfram sjá um sjómennina.

Einnig sýndi formaður glæru sem sýnir hvað félögin geta ekki unnið saman, bara svo það sé alveg á hreinu. Spurt var hvort starfsfólkið sem sér um þetta sem ekki er hægt að vinna saman verði áfram hjá okkur. Formaður svaraði því neitandi, það getur vel verið að sami maðurinn sjáum um sjúkrasjóði fyrir alla og annar um menntasjóði en farið verður eftir reglum hvers og eins félags. Öll félögin verða með sama kerfi sem auðveldar. Formaður lagði fram tilboð frá DK og Frímanni. Formaður sagði frá því að við höfum borgað tæpar fjórar milljónir það sem af er árs fyrir Jóakim. Ef við skiptum yfir í Frímann verður gjaldið um 250 þús á mánuði. Stofnkostnaður er 3,2 milljónir. Svo er mánaðargjald, hýsing og flettitölur. Einnig hefur verið skoðað kerfi frá Afli sem þeir létu sérsníða fyrir sig, það getur líka haldið utan um innheimtuna. Í dag vitum við að mikill sparnaður yrði með því að taka innheimtuna inn hér en það er ekki samstaða á milli félaganna með það. Það eru menn frá félögum að skoða kerfi og finna út hvað hentar best. Spurt var hvernig ætti að fjármagna 2F, þeir hefðu aldrei fengið að sjá það. Formaður sagði að hann hefði fyrir nokkru sýnt rekstrarmódel og þar hefði komið fram að launakostnaður okkar muni hækka um 16. milljónir en þegar búið er að draga frá þá stafsmenn sem við setjum á móti þá eru það um 12 milljónir. 2F er fjármagnað af félögum sem koma að því og þær prósentutölur liggja fyrir. Formaður sýndi rekstrarmódel

2F. Hjá 2F eru þegar 9 starfsmenn, símsvörun, vinnustaðaeftirlit, mötuneyti og fleira. Formaður fór yfir áætlaða kotnaðarliði 2F. Menn voru fyrst að tala bara um að móttökuna og símsvörunina. Nú vilja menn fara af stað með kjarateymið því það stýttist í almenna samninginn og nú spyr formaður hvort við viljum vera sér eða fara saman? Markmiðið með þessu er ekki að minnka launakostnað heldur bæta þjónustu. Áætlað er að heildarrekstrarkostnaður 2F sé um 300 millj.á ári. Spurt var, talað er um tvö og hálf stöðugildi hvaða nöfn eru á bakvið þau, formaður upplýsti um það. Nýji framkvæmdastjórinn óskaði eftir að okkar starfsmaður yrði yfir kjaramálunum. Formaður vonar að á næsta fundi verði hægt að birta endanlegar tölur og óskaði eftir að fá að halda áfram þessari 2F vinnu, samþykkt af öllum nema einum sem er aðeins efins með kostnaðinn. Formaður sagði að hann hefði ætlað að fá framkvæmdarstjóra 2F á fundinn en hann er upptekinn á öðrum fundi eins og er en kemur vonandi á eftir.

5. **Jólagjafir.** Mögulega í síðasta sinn sem VM gefur jólagjafir, líklegt að 2F gefi framvegis. Formaður stakk upp á sömu tölu og í fyrra. Samþykkt.
6. **Styrkir.** Formaður fór yfir hvaða hjálparsamtök hafa verið styrkt síðustu 2 ár. Samþykkt var að gera sama og í fyrra eða 1.000.000 til Hjálparstarfs kirkjunnar.
7. **Lagt fram til upplýsingar.** Skýrslur frá NMF fundinum.
8. **Önnur mál.**
 - Laganefnd félagsins mun funda 30. nóvember nk. Formaður er búin að koma því áleiðis að fara þurfi vel yfir lögina og ath m.a. hvort þau stangast eitthvað á við lög ASÍ. Formaður bað stjórnarmenn að hugsa og senda þá póst um það hvort það eru einhver sértstök atriði sem þeir vilja skoða. Bent hefur verið á að margir séu sárir yfir að lágagjaldið var tekið út. Skoða undirnefndir og ráð, og hvort það eru til einhverjar reglur yfir það hvernig skipað er.
 - Spurt var hvort afsal sé komið fyrir Stórhöfða 29. Formaður sagði það ekki vera, beðið er eftir að eignaskiptasamningur liggi fyrir sem er verið að vinna í. Nú er það breytingin á móttökunni sem er að tefja eitthvað. Mjög bagalegt ef þetta tekst ekki fyrir áramót.
 - Elmar kom inn á fundinn. Fór yfir skipuritið. Hann sagði m.a. að félögin hefðu fundið vel hvað við erum sterk þegar við komum saman þegar við sátum saman á fundum með stjórnarflokkunum. Þjónustan verður betri, upplýsingaflæði út á við betra og markaðsmálin svo eitthvað sé nefnt. Hann sagðist sjá fyrir sér að þessar breytingar verði til þess að minnka kostnað þegar fram líður en ljóst að aukinn kostnaður verði í byrjun.
 - Formaður sagði frá því að Félag hársnyrtisveina sé að ganga inn í Fit, bara einhver formsatriði eftir.